



## Fjárlagafrumvarp 2018 – fátt sem kemur á óvart



Fátt kom á óvart í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2018, enda á það að vera í góðu samræmi við markmið fjármálaáætlunar fyrir árin 2018-2022 sem Alþingi samþykkti í júní. Meirihluti fjárlaganefndar sagði í raun pass við fjármálaáætluninni, lagði einungis til ýmsar vangaveltur, og Alþingi samþykkti tillögu ríkisstjórnar óbreytta. Við afgreiðslu fjármálaáætlunar í vor komu fram áhyggjur af hálfu þingmanna, og einnig meirihluta fjárlaganefndar, um að nýtt umhverfi opinberra fjármála geti orðið til þess að minnka áhrif Alþingis á fjárlagagerð. Þar komi m.a. til að Alþingi hafi ekki þau tæki sem þarf til að meta upplýsingar með fullnægjandi hætti og geti þannig ekki veitt framkvæmdavaldinu nauðsynlegt aðhald. Þannig væri framkvæmdavaldinu gefin sjálfstjórn um stefnu og tilhögun opinberra fjármála og formlegt fjárstjórnarvald Alþingis í raun af skornum skammti.

### Frestun breytinga á virðisaukaskatti

Helsta frávikið frá fjármálaáætlun felst í því að yfirfærslu á gistiþjónustu og annarri ferðaþjónustutengdri starfsemi úr neðra þrepi í almennt þrep virðisaukaskatts er frestað frá miðju ári 2018 fram til áramóta 2018/19. Eins og áður mun stefnt að því að almennt þrep virðisaukaskatts lækki úr 24% í 22,5% um næstu áramót. Frestun á aukinni skattlagningu á ferðaþjónustu kemur ekki á óvart eftir almenna og mikla gagnrýni á þessa framkvæmd við umfjöllun um málið í vor.

### Hallalaust frumvarp einu sinni enn

Í fimmta skiptið í röð gerir fjárlagafrumvarpið ráð fyrir hallalausum rekstri ríkissjóðs á árinu. Áætlað er að tekjur ríkissjóðs verði um 834 ma.kr. en gjöld um 790 ma. kr. Ríkissjóður verður þannig rekinn með 44 ma.kr. afgangi á næsta ári. Í ríkisfjármálum er hins vegar stundum langur vegur frá fjárlagafrumvarpi til endanlegs ríkisreiknings, eins





og dæmin sanna. Síðustu ár hafa óreglulegir liðir eins og óvæntar arðgreiðslur, endurmat eigna og stöðuleikaframlög bætt stöðu ríkissjóðs með reglubundum hætti. Nú er gert ráð fyrir að heildarafkoma ríkissjóðs verði jákvæð um tæpa 44 ma.kr. króna sem er u.þ.b. fjórum mö.kr. meira en gert var ráð fyrir í fjármálaáætlun. Stefnt er að því að afgangur af rekstri hins opinbera verði aukinn úr 1% af VLF í 1,6% af VLF á næstu tveimur árum, m.a. til þess að veða á móti vexti eftirspurnar í hagkerfinu.

### Helstu tíðindi af útgjöldum

Nú er áætlað að bygging nýs Landspítala hefjist seinni hluta ársins 2018 með byggingu meðferðarkjarna við Hringbraut.

Mikið hefur verið rætt um nauðsyn bættra innviða sem tengjast ferðaþjónustu. Framkvæmdasjóði ferðamannastaða er gert kleyft að ráðstafa um 800 m.kr. á árinu, sem er aukning um 200 milljónir. Þá er ætlunin að verja meiri fjármunum til rannsókna og gagnaöflunar í ferðaþjónustu og stefnt er að stórauðnum stuðningi við markaðsstofur einstakra landshluta.

Gert er ráð fyrir að aftur verði tekið til við byggingu Húss íslenskra fræða sem hætt var við á sínum tíma og reiknað er með verulegri hækkun á framlögum til fjárfestinga vegna þessa.


Reiknað er með að u.þ.b. 18 ma.kr. fari til nýframkvæmda og viðhalds veða. Stærstu verkefni þar verða Dýrafjarðargöng, nýr kafla hringvegarins í Berufjarðarbotni og ný Vestmannaeyjaferja.

### Tekjuhlíðin

Áður hefur verið getið um frestun hækkunar virðisaukaskatts á ýmsar greinar ferðaþjónustu sem átti að koma til framkvæmda um mitt ár. Sú frestun felur í sér u.þ.b. 9 ma.kr. tekjulækkun miðað við fjármálaáætlun. Stefnt er að skattlagningu kolefnisútblásturs með grænum sköttum og ívilnanir til kaupa á vistvænum bílum verða framlengdar um þrjú ár.


Stefnt er að jöfnun olíu- og bensíngjalds á næsta ári. sem mun leiða til um 8 krónu hækkunar á bensínlítra og 18 krónu hækkunar á dísilolíu. Þessi jöfnun mun skila ríkissjóði um 1,7 mö.kr. í auknar tekjur á árinu. Ekkert er fjallað um áhrif þessara

### Tekjur og gjöld ríkissjóðs




Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið. Ríkisreikningur 2015 og 2016, áætlun 2017, fjárlagafrumvarp 2018.

### Breyting nokkurra útgjaldaliða frá fjárlögum 2017



Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið

### Breyting nokkurra tekjuliða frá fjárlögum 2017



Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið



breytinga á verðlag í frumvarpinu en þetta mun mun augljóslega hækka vísitölu neysluverðs.

### **Skuldastaða batnar mikið**

Á fyrri hluta árs 2017 hafa heildarskuldir ríkissjóðs lækkað um nálægt 200 ma.kr. Reiknað er með að skuldir muni áfram lækka hratt á árinu 2018, um 75 ma.kr. Gert er ráð fyrir að skuldahlutfall ríkissjóðs verði 30% í lok árs 2017 miðað við skuldareglu laga um opinber fjármál. Hreinar skuldir hins opinbera, þ.e.a.s. að sveitarfélögunum meðtöldum, verða enn umfram 30%, en ráðgert er að því marki verði náð árið 2019.


Áfram er stefnt að hraðri niðurgreiðslu skulda, enda er skuldsetning afar dýr miðað við vaxtastig á Íslandi. Vaxtagjöld eru enn stór útgjaldaliður hjá ríkissjóði og verða um 73 ma.kr. á árinu 2018.

### **Að mestu í samræmi við fjármálaáætlun**

Eins og áður segir er frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2018 að langmestu leyti í samræmi við markmið fjármálaáætlunar fyrir árin 2018-2022.

Boðskapur fjármálaráðherra var að frumvarpinu væri ætlað að viðhalda jafnvægi í efnahagslífínu, að stuðla áfram að sterkum kaupmætti og nýta síðan allt svigrúm til velferðarmála. Raunvöxtur útgjalda milli ára er um 4% sem ætti að teljast ágætt miðað við þann hraða sem hagkerfið er á í dag sé litið til sjónarmiða hagstjórnar. Kröfur um aukin útgjöld á ýmsum sviðum eru samt fyrir hendi eins og jafnan er í tengslum við fjármál ríkisins.

Skuldir ríkissjóðs m.v. reglu laga um opinber fjármál



Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraeideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.